

Skipstjóra- og stýrimannafélag Akureyrar

Afhending 2016/7

Skipstjórafélag Norðlendinga var stofnað 13. febrúar 1918. Fyrsta stjórn félagsins var skipuð Stefáni Jónassyni, formanni, Jóni Bergsveinssyni, ritara, og Sigurði Sumarliðasyni, gjaldkera.

Félagið hafði það að markmiði að efla sjávarútveg, fjölga vitum og styðja skipstjóra í kjarabaráttu sinni.

Eitt af því fyrsta sem félagið beitti sér fyrir var betri lýsing við hafnir Akureyrar og bygging vita í Hrísey, á Hjalteyri og á Svalbarðsströnd. Þá kom félagið líka að byggingu hljóðvita á Sauðanesi við Siglufjörð, byggingu öruggrar skipakvíar við Akureyri og betra eftirliti með skipum.

Árið 1972 opnaði félagið skrifstofu á Akureyri til að sjá um ýmsa afgreiðslu, upplýsingagjöf og innheimtu fyrir félagið og sjóði þess.

Árið 1977 keypti félagið orlofshús til afnota fyrir félagsmenn að Hraunborgum í Árnessýslu. Næstu ár fjölgaði orlofshúsum félagsins og voru þau mikið nýtt af félögum.

Á aðalfundi félagsins 1994 var samþykkt að breyta nafni félagsins í Skipstjóra- og stýrimannafélag Norðlendinga.

10 árum seinna sameinaðist Skipstjóra- og stýrimannafélag Norðlendinga tveim öðrum félögum, Félagi íslenskra skipstjórnarmanna og Skipstjóra- og stýrimannafélaginu Öldunni undir nafninu Félag skipstjórnarmanna.

Skipstjóra- og stýrimannafélag Norðlendinga gerðist aðili að Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands árið 1939, en sambandið var lagt niður árið 2017 þegar Félag skipstjórnarmanna tók við verkefnum þess.

Afhendingin kom frá Guðmundi Steingrímssyni, fyrrverandi starfsmanni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, en sambandið og Skipstjóra- og stýrimannafélag Norðlendinga ráku skrifstofu saman á Akureyri um tíma. Önnur afhending frá sama skjalamyndara er afhending 2010/50.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

3. febrúar 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2016 / 7

B-Bréfa- og málasafn

BA-Bréfasafn almennt

1939 - 2002

BA	1	1	1981 - 2002	Þakkarávarp og mynd til minningar um Árna Jóhannsson skipstjóra; heiðursfélagaskjal til handa Þorsteini Stefánssyni; þakkarbréf til félagsins vegna kaupa á hjartaómskoðunartæki fyrir FSA; gjafabréf til Slysavarnafélags Íslands v/varðskipsins Þórs; gjafabréf til Náttúrulækningafélags Íslands; viðurkenningaskjal frá Siglingamálastofnun ríkisins fyrir bestu útkomu í skyndiskoðun fiskiskips 1988; aðildarbréf að Símei; þakkarskjal og ljósmynd vegna Landsmóts skáta í Kjarnaskógi 1981
BA	2	1	-	Meðlimaskrá Skipstjórafélags Norðlendinga
BA	2	2	1939 - 1941	Vélbátatrygging Eyjafjarðar: Skýrsla yfir vélbáta tryggða hjá félaginu; listi yfir slit á keðjum fyrir mótorbáta og skip; legufæri (þyngd og sverleiki);

C-Bókhald

CA-Bókhald, almennt

1938 - 1942

CA	1	1	1938 - 1939	Fylgiskjöl frá skemmtinefnd
CA	1	2	1942 - 1942	Reikningur yfir 25 ára afmælisfagnað Skipstjórafélags Norðlendinga 29. desember 1942

CB-Ársreikningar

1938 - 1944

CB	1	1	1938 - 1939	Ársreikningar Skipstjórafélags Norðlendinga og Slysatryggingasjóður þess; yfirlit yfir efnahag félagsins og listi yfir ógreidd gjöld á aðalfundi 22/1 1939
CB	1	2	1941 - 1942	Ársreikningar Skipstjórafélags Norðlendinga og Slysatryggingasjóður þess; yfirlit yfir efnahag félagsins og Slysatryggingasjóðs þess
CB	1	3	1943 - 1943	Ársreikningur Skipstjórafélags Norðlendinga og Slysatryggingasjóðs þess; yfirlit um efnahag Skipstjórafélags Norðlendinga og Slysatryggingasjóðs þess
CB	1	4	1944 - 1944	Ársreikningar Skipstjórafélags Norðlendinga og Slysatryggingasjóðs þess. Einnig; yfirlit yfir efnahag skipstjórafélagsins og Slysatryggingasjóðs þess

E-Félagsmenn

EA-Félagsmenn almennt

-

E	1	1	-	Spjaldskrárspjöld-fyrirtæki
E	1	2	-	Spjaldskrárspjöld - einstaklingar A - H
E	1	3	-	Spjaldskrárspjöld - einstaklingar I - R
E	1	4	-	Spjaldskrárspjöld - einstaklingar S - Ö

J-Útgefið efni

J-Útgefið efni

1998 - 1998

J	1	1	1998 - 1998	Skipstjóra- og stýrimannafélag Norðlendinga, 80 ára, afmælisrit
---	---	---	-------------	---